



Iðnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík 2. desember 2009

Efni: Tillaga til þingsályktunar um landnýtingaráætlun fyrir ferðamennsku á hálendinu

Samtök ferðaþjónustunnar hafa fjallað um ofangreinda þingsályktunartillögu.

Á aðalfundi Samtaka ferðaþjónustunnar árið 2007 var eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Ályktun um landnýtingaráætlun ferðaþjónustunnar

Aðalfundur Samtaka ferðaþjónustunnar haldinn 29. mars 2007 skorar á stjórnvöld að vinna landnýtingaráætlun með þarfir ferðaþjónustunnar í huga á sama hátt og fyrirliggjandi tillaga á Alþingi gerir varðandi nýtingaráætlun og verndaráætlun fyrir auðlindir landsins bæði til lands og sjávar. Nýting náttúruauðlinda til ferðaþjónustu er mikilvæg og þarf að kortleggja til að hægt sé að undirbúa fjárfestingu í innviðum og markaðsstarfi.

Samtökin eru því þeirrar skoðunar að mikil þörf sé á landnýtingaráætlun á forsendum ferðaþjónustunnar. Sú rammaáætlun sem unnið er að nú um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er óneitanlega á forsendum virkjana. Þar er unnið ágætt starf sem samtökin taka þátt í og yrði nauðsynlegt að samnýta þessar tvær áætlanir.

Samtökin eru ennfremur þeirrar skoðunar að þörf sé á landnýtingaráætlun fyrir allt landið þótt ugglaut sé heppilegt að byrja á miðhálendinu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Ennfremur telja samtökin að gefinn sé of langur tími í þessa áætlun þar sem verkið er aðkallandi.

Samtök ferðaþjónustunnar leggja því til að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt.

Virðingarfyllt
f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar

Erna Hauksdóttir
framkvæmdastjóri